

**1130. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. nóvember  
2020 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Dagskrá og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

*Verkefnalisti yfirfarinn.*

**2. Lýðskólinn á Flateyri - 2016110085**

Lagt fram erindi Egils Ólafssonar, f.h. stjórnar Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri, dags. 23. október 2020, ásamt kostnaðaráætlun, þar sem óskað er eftir styrk vegna endurbóta á húsnæði Nemendagarða á Flateyri (Eyrarvegur 8) að fjárhæð kr. 6.000.000.

Á 1128. fundi bæjarráðs þann 2. nóvember 2020 fól bæjarráð bæjarstjóra að boða stjórn Nemendagarða Lýðskólans til fundar við bæjarráð.

*Fulltrúar stjórnar og skólastjóri Lýðskólans mættu til fundar og ræddu málefni Lýðskólans og Nemendagarða Lýðskólans.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera viðauka vegna málsins og leggja fyrir bæjarráð að nýju.*

**Gestir**

Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólastjóri Lýðskólans - 08:10

Kristín Pétursdóttir, stjórn Lýðskólans - 08:10

Stefanía Ásmundsdóttir, stjórn Lýðskólans - 08:10

**3. Vestfjarðastofa - ýmis erindi 2020 - 2020040012**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, mætti til mánaðarlegs samráðsfundar Vestfjarðastofu og bæjarráðs.

*Samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofu rædd.*

**Gestir**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu - 08:45

**4. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032**

Kynnt eru drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2021 ásamt drögum að greinargerð.

*Lagt fram til kynningar.*

**Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:30

**5. Gjaldskrár 2021 - 2020050033**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 13. nóvember 2020, um samantekt tillagna fastanefnda vegna gjaldskrárbreytinga fyrir árið 2021.

Jafnframt lagðar fram tillögur að gjaldskrárbreytingum.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna hvort tilefni sé til að endurskoða gjaldskrá vegna vatnsveitu og leggja aftur fyrir bæjarráð.*

**6. Mánaðaryfirlit - 2020 - 2020030067**

Lagt fram til kynningar minnisblað Ásgerðar Þorleifsdóttur, deildarstjóra launadeildar, og Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 13. nóvember 2020, þar sem teknar eru saman skatttekjur og laun fyrstu níu mánaða ársins.

*Lagt fram til kynningar.*

**Gestir**

Ásgerður Þorleifsdóttir, deildarstjóri launadeildar - 08:50

Edda María Hagalín yfírgaf fundinn kl. 11.30.

**7. Upplýsingamiðstöð Vestfjarða - framtíðaráform - 2020110034**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 12. nóvember 2020, varðandi framtíðarhugmyndir um rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Auka afsláttur á skíðakortum haustið 2020 vegna Covid-19 - 2020110009**

Lagt fram minnisblað Stefaníu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, og Hlyns Kristinssonar, forstöðumanns skíðasvæðis, dags. 13. nóvember 2020, vegna tillögu íþróttá- tómstundanefndar að árskort á skíðasvæði verði seld með 30% afslætti út árið 2020 til þeirra sem áttu árskort veturinn 2019-2020.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna hvort tilefni sé til að einfalda gjaldskrá á sund- og síðasvæðum Ísafjarðarbæjar, og möguleikann á að sala fari fram á netinu.*

**9. Ípróttá- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 - 2020110018**

Lagt fram minnisblað Albertu Guðbjartsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu, dags. 12. nóvember 2020, um sérstaka ípróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, auk reglna Ísafjarðarbæjar vegna þessa.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja greiðslur ípróttá- og tómstundastyrkja til lágtekjuheimila, og reglna vegna þess.*

*Bæjarráð vísar málinu til ípróttá- og tómastundanefndar til kynningar.*

**10. Viðbragðsáætlun í kjölfar snjóflóða 2020 - 2020100083**

Á 34. fundi sameinaðrar almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps, 13. nóvember 2020, var lagt til að fjöldahjálparstöð á Flateyri verði færð frá Grunnskóla Öfundarfjarðar í leikskólann Grænaragard á Flateyri. Málinu vísað til bæjarráðs til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á staðsetningu fjöldahjálparstöðvar á Flateyri, og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram, ásamt framkvæmdastjóra almannavarnarnefndar.*

**11. Snjóflóðasetur Flateyrar - 2020080056**

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 13. nóvember 2020, varðandi varðskipið Ægi, sem starfshópur um Snjóflóðasafn á Flateyri hefur óskað eftir að fái aðstöðu í Flateyrarhöfn.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að funda með málsaðilum.*

**12. Umsókn um styrk vegna endurbyggingar húss - 2020110038**

Lögð fram umsókn James Valdimars Ritchie, dags. 9. október 2020, um styrk til endurbyggingar á gömlu steinhúsi í Hnífsdal.

*Bæjarráð þakkar erindið en telur sig ekki geta orðið við erindinu að svo stöddu. Bæjarráð óskar umsækjanda velfarnaðar með verkefnið og vísar honum á að sækja um styrk í húsafriðunarsjóð.*

**13. Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum - 2019100101**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir funda undirbúningshóps um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum, dags. 8. október og 21. október 2020, ásamt kynningarefni.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal - 9 - 2010029F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 9. fundar starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal, sem fram fór 27. október 2020.

Fundargerðin er í tveimur liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**14.1 2017030089 - Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði**

Lagt fram til kynningar. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal þakkar SE-Groops fyrir greinargóða skýrslu. Nefndin vísar

skýrslunni til bæjarráðs.

14.2 2017030089 - Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði

Lagt fram til kynningar. Nefndin vísar minnisblaðinu áfram til bæjarráðs og leggur til við bæjarráð að ákveða næstu skref.

**15. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 547 - 2010031F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 547. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 11. nóvember 2020.

Fundargerðin er í 15 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

15.2 2020100066 - Flateyraroddi - endurgerð deiliskipulags

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila endurbætur og uppfærslu á deiliskipulagi Flateyrarodda.

15.3 2019050058 - Verkefnið Sólsetrið á Þingeyri

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að deiliskipulagstillaga og greinargerð fyrir Sólsetrið, Þingeyri, dags. 28.07.2020 verði auglýst skv. 41. gr skipulagslaga 123/2010.

15.9 2020090079 - Aðalgata 26, Suðureyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Aðalgötu 26, Suðureyri.

15.10 2020090104 - Sætún 1, 400. Umsókn um gerð lóðarleigusamnings

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Sætún 1, Ísafirði.

15.11 2020100008 - Hlíðarvegur 40, 400. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hlíðarvegi 40, Ísafirði.

15.12 2020100062 - Brekkugata 40, 470. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Brekkugötu 40, Þingeyri.

15.13 2020100063 - Brekkugata 1, 470. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Brekkugötu 1, Þingeyri.

15.14 2020100071 - Engjavegur 8, 400. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu

lóðarleigusamnings fyrir Engjaveg 8, Ísafirði.

**16. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 101 - 2011002F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 101. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem fram fór 10. nóvember 2020.

Fundargerðin er í þremur liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

16.1 2016110066 - Úttekt frárennislislagna 2016

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bærstjórn að hafin verði vinna við stefnumótun sveitarfélagsins í frárennismálum og gerð verði framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur einnig til við bærstjórn að Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi, verði tilnefnd sem fulltrúi í Vatnasvæðanefnd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

16.2 2010120030 - Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir að hafin verði vinna við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar Ísafjarðarbæjar og leggur til við bærstjórn að áætla fjármagn í fjárhagsáætlunargerð 2021.

16.3 2020050032 - Fjárhagsáætlun 2021

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir bókun bæjarráðs og vísar gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir árið 2021 til samþykktar í bærstjórn.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:35**

\_\_\_\_\_  
Marzellíus Sveinbjörnsson

\_\_\_\_\_  
Daníel Jakobsson

\_\_\_\_\_  
Nanný Arna Guðmundsdóttir

\_\_\_\_\_  
Birgir Gunnarsson

\_\_\_\_\_  
Bryndís Ósk Jónsdóttir